

Samningur á milli Umf. Aftureldingar og Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær kt: 470259-6959 og aðalstjórn Ungmennafélagsins Aftureldingar
kt: 460974-0119 gera með sér svohljóðandi samning um afreks- og styrktarsjóð:

1. grein

Sjóðurinn heitir Afreks- og styrktarsjóður Ungmennafélagsins Aftureldingar og Mosfellsbæjar og er hann í vörslu og umsjón aðalstjórnar Aftureldingar.

2. grein

Markmið sjóðsins er að:

1. Veita afreksfólki í deildum innan Aftureldingar styrk vegna æfinga og/eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
2. Veita styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfinga eða keppni með landsliði innan sérsambanda ÍSÍ.
3. Veita þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa á vegum Aftureldingar styrk til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið og/eða aðra menntun sem eflir þá í starfi.
- 4.

3. grein

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 aðilum: Formanni Aftureldingar, íþróttafulltrúa Mosfellsbæjar og einum fulltrúa sem kosinn er á aðalfundi félagsins.

Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar úr sjóðnum, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga og sjá um kynningarstarfsemi sjóðsins.

Starfstími stjórnar sjóðsins er tvö ár.

Sjóðurinn skal skila árlega skýrslu til íþróttá- og tómstundaneftardar og gera grein fyrir úthlutun sjóðsins.

4. grein

Tekjur sjóðsins er árlegt framlag Mosfellsbæjar sem ákveðið er af bæjarráði við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og jafn hátt framlag sem aðalstjórn Aftureldingar leggur fram í styrktarsjóðin ár hvert, auk frjálsra framlaga og tekna af vöxtum.

5. grein

Framlag Mosfellsbæjar í Afreks- og styrktarsjóðinn er **kr. 2.431.000 á** samningstímanum og greiðist samkvæmt reikningi frá sjóðnum.

1. maí 2008 700.000 kr.

1. maí 2009 805.000 kr.

1. maí 2010 926.000 kr.

Auk þess koma hækkningar á styrkinn árið 2009 og 2010 sem taka mið af hækkun neyslúvistölu pr. 1. janúar ár hvert (nú 282,3 stig).

6. grein
Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010.

Mosfellsbær 5. mars 2008

f.h. aðalstjórnar Aftureldingar

f.h. Mosfellsbæjar

Jón Pálsson formaður

Haraldur Sverrisson bærarstjóri

Vottar:
